| | | | |
|---|---|---|---|
| **Kennari** | Katrín Harðardóttir, katrin@vma.is<br>Leifur Brynjólfsson, leifur@vma.is | **Sk.st.** | KAH |

**Áfangalýsing:** Í þessum áfanga er fjallað um rekstur fyrirtækja og rekstrarumhverfi þeirra. Fjallað er um grunnatriði hagfræðinnar sem varða nýtingu framleiðsluþáttanna og skilgreiningar mismunandi efnahagsheilda. Lögð er áhersla á að nemendur öðlist yfirsýn yfir fyrirtæki sem efnahagsheild og hvernig það þrífst í samkeppni við önnur fyrirtæki í samfélagsheildinni. Til þess að nemendur öðlist skilning á eðli og uppbyggingu fyrirtækja er farið yfir helstu þætti er varða innra skipulag og ytri aðstæður fyrirtækja. Þannig læra nemendur að flokka atvinnugreinar, kynnast umhverfi og starfsgrundvelli fyrirtækja, stefnumótun og markmiðssetningu, kostnaðargreiningu og grunnþáttum markaðsfræði og bókhalds.

**Markmið:**

- Að nemendur geri sér grein fyrir grunnhugmyndum rekstrarhagfræðinnar.
- Að nemendur þekki flokkun fyrirtækja eftir ýmsum aðferðum og helstu hagsmunaaðila þeirra.
- Að nemendur kynnist aðferðum sem notaðar eru í innra skipulagi fyrirtækja og framleiðslu.
- Að nemendur kynnist hugtökum í fjárhagslegum rekstri fyrirtækja og þjálfist í einföldum útreikningum.
- Að nemendur nái að tengja hugmyndir rekstrarhagfræðinnar við raunverulegan rekstur og framleiðslu fyrirtækja.
- Að nemendur kynnist því viðskiptaumhverfi sem fyrirtæki búa við á Íslandi í dag.

**Námsgögn:** Helgi Gunnarsson: Rekstrarhagfræði fyrir framhaldsskóla. Lesbók og verkefnabók. Þriðja útgáfa 2008. Ýmislegt efni sem kennari leggur fram í tímum.

**Námsmat og vægi námsþátta:**

| | | |
|---|---|---|
| Skriflegt | Lokapróf. Nemendur þurfa að ná 5 á lokaprófinu til að vetrarvinna komi til einkunnar | 60% |
| Verklegt | Fyrirtækjaheimsókn og fyrirlestur | 8% |
| Skriflegt | Kaflapróf. Þrjú kaflapróf og gildir hvert þeirra 9% | 27% |
| | Lagt verður fyrir aukaverkefni sem getur komið á móti einu tímaprófi | |
| Frammistaða á önn | Mæting, ástundun í tímum og heimavinna | 5% |

**Áætlun um yfirferð:**

| Vika | Námsefni | Verkefni |
|---|---|---|
| 34 | Kynning á áfanganum og kennsluáætlun | |
| 35 | 1. Kafli. Inngangur að hagfræði<br>2. Kafli. Fyrirtæki og stofnanir | Verkefnabók 1.-2. kafli |
| 36 | 3. Kafli. Hagsmunaaðilar og markmið fyrirtækja og stofnana<br>4. Kafli. Innra skipulag fyrirtækja | Verkefnabbók 3.-4. kafli |
| 37 | 5. Kafli. Framleiðsla, fyrirtækja. | Verkefnabók 5. kafli<br>Kaflapróf úr köflum 1-5 |
| 38 | 6. Kafli. Fjárhagsleg afkoma fyrirtækja | Verkefnabók 6. kafli |
| 39 | 6. Kafli. Fjárhagsleg afkoma fyrirtækja<br>7. Kafli. Rekstraráætlanir | Verkefnabók 6.-7. kafli |
| 40 | 7. Kafli. Rekstraráætlanir frh. | Verkefnabók 7. kafli |
| 41 | 8. Kafli. Fjármögnun fyrirtækja,<br>9. Kafli. Innra bókhald fyrirtækja | Verkefnabók 8.-9. kafli |
| 42 | 10. Kafli. Sjálfskostnaðarútreikningar,<br>11. Kafli. Kostnaðareftirlit | Verkefnabók 10.-11. kafli<br>Kaflapróf úr köflum 6-10 |
| 43 | 12. Kafli. Framlegðarútreikningar | Verkefnabók 12. kafli |
| 44 | 13. Kafli. Fjárfestingaútreikningar | Verkefnabók 13. kafli |
| 45 | Fyrirtækjaheimsókn og verkefnavinna | Verkefnavinna |
| 46 | Nemendafyrirlestrar | Verkefnavinna |
| 47 | 14. Kafli. Markaðssetning, 15. Kafli. Stefnumótun | Verkefnabók 14.-15. kafli |
| 48 | 15. Kafli Stefnumótun frh. | Kaflapróf úr köflum 11-15 |
| 49 | Upprifjun | |

**Dagsetning:**

**Undirritun kennara**

**Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils**